



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BA ritgerð
í almennri bókmenntafræði

Skrifað í skugga þjóðarmorðs
Dagbók frá Gaza

Þórunn Ólafsdóttir

Leiðbeinandi: Magnús Þorkell Bernharðsson, prófessor
Júní 2025

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Skrifað í skugga þjóðarmorðs

Dagbók frá Gaza

Þórunn Ólafsdóttir
050385-2649

Lokaverkefni til BA-prófs í almennri bókmenntafræði

Leiðbeinandi: Magnús Þorkell Bernharðsson, prófessor

Íslensku- og menningardeild
Hugsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2025

Skrifað í skugga þjóðarmorðs – *Dagbók frá Gaza*

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Þórunn Ólafsdóttir, 2025

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Þessi ritgerð fjallar um *Dagbók frá Gaza* eftir Atef Abu Saif, sem er persónuleg frásögn höfundar af þjóðarmorði á Gaza. Í ritgerðinni er lögð áhersla á þá innsýn sem bókin veitir í veruleika Palestínufólks og mikilvægi hennar í að skapa skilning á baráttunni gegn ofbeldi og afmennskun. Ritgerðin byggir á fræðilegum grunni austurlandahyggju Saidis, auk rannsókna á þjóðarmorði. Hún greinir einnig frá uppruna sionisma og Nakba. Niðurstöður ritgerðarinnar eru að *Dagbók frá Gaza* er ekki eingöngu persónuleg frásögn heldur mikilvægur vitnisburður um það ofbeldi og óréttlæti sem Palestínufolk býr við daglega og hefur gert í áratugi. Frásagnir höfundar af hversdagslegum hlutum, sorg og von veita innsýn í aðstæður á Gaza, sem alþjóðasamfélagið lítur gjarnan framhjá, eða afneitar alfarið. Ritgerðin dregur fram mikilvægi skrifanna sem baráttutæki gegn afmennskun og þjóðarmorði. *Dagbók frá Gaza* fellur í hóp sannsögulegra skrifa sem varpa ljósi á aðstæður fólks í stríði. Hún er hluti af ákalli Palestínufólks um áheyrn alþjóðasamfélagsins, krafa um mannréttindi og réttlæti.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. Kenningar og bakgrunnur.....	7
2.1 Sionismi og Evrópa	7
2.2 Nakba.....	8
2.3 Þjóðarmorð	10
2.3.1 Afmennskun	12
2.3.2 Afneitun	14
2.4 Dagbókin sem heimild.....	15
3. Skrif og stríð	17
3.1 Um höfund <i>Dagbókar frá Gaza</i>	17
3.2 Að skrifa fyrir lífi sínu.....	19
3.3 Útgáfan	23
4. Lokaorð.....	26
Heimildaskrá.....	28

1. Inngangur

Hvenær hefst saga? Þeirri spurningu leitast rithöfundurinn og blaðamaðurinn Will Storr meðal annars við að svara í bók sinni *The Science of Storytelling*.¹ Storr fjallar einkum um skáldskap og uppbyggingu frásagnar, en sú frásögn sem hér er til umfjöllunar er sannsögulegt verk og fellur því ekki inn í hefðbundna skilgreiningu líkt og um skáldað bókmenntaverk væri að ræða. Spurning Storrs á engu að síður vel við þegar fjallað er um *Dagbók frá Gaza*. Innri tími frásagnarinnar er til dæmis mjög skýr. Formið gerir það að verkum að lesandi fær nákvæmar upplýsingar um tímaramma. Fyrsta færsla dagbókarinnar er dagsett 7. október 2023 og sú síðasta, auk eftirmála höfundar, þann 30. desember sama ár. Sagan hefst þó hvorki né endar á þessu tímabili og hér leitast ég við að fjalla um dagbókarskrif Atef Abu Saif í samhengi við aðdraganda og afleiðingar þjóðarmorðsins² sem hann upplifir og segir frá í dagbók sinni.

Upphaf þjóðarmorðsins á Gaza er gjarnan tengt við dagsetninguna 7. október 2023. Fara þarf þó mun lengra aftur í tímann til að setja aðdraganda atburðanna í samhengi við frásögn Abu Saif. Það gerir hann líka sjálfur, m.a. í svari til vinar síns skömmu eftir að árásirnar á Gaza hófust:

Daginn sem stríðið braust út fékk ég skilaboð frá vini mínum: „Hvað er í gangi á Gaza?“. Ég svaraði: „Spurningin er ekki hvað er í gangi, heldur hvað er búið að vera í gangi allan þennan tíma – í meira en 75 ár.“³

„Leyfðu textanum að leiða þig áfram“ var að mínu mati það ógagnlegasta ráð sem nokkur kennari gat gefið mér þegar ég hófst handa við þessi skrif. Hvert leiðir texti eins og þessi mig? Er mögulegt að afmarka efni sem spannar 85 daga en teygir sig yfir meira en heila öld? Á ég, forréttindakona á Vesturlöndum, eitthvert tilkall til texta sem maður skrifar fyrir lífi sínu á meðan hann reynir að lifa af þjóðarmorð?

Dagbók frá Gaza er ekki einungis persónuleg frásögn af vettvangi þjóðarmorðs. Hún varpar ljósi á áratugalanga arfleifð ofbeldis, sem á sér m.a. rætur í evrópskri nýlendustefnu og Síonisma. Hér verður frásögn Atef Abu Saif sett í víðara sögulegt

¹ Storr, *The science of storytelling*, 11.

² Hér er óhjákvæmilegt að gera grein fyrir orðanotkun, enda er þjóðarmorð ekki hugtak sem notað er af léttúð. Kafli 2.3 fjallar um þjóðarmorð og þar er gerð nánari grein fyrir hugtakinu sem og notkun þess hér.

³ Abu Saif, *Dagbók frá Gaza*, 63.

samhengi. Yfirstandandi þjóðarmorð á Gaza er bæði afleiðing og birtingarmynd óréttlætis sem alþjóðasamfélagið hefur látið viðgangast áratugum saman.

Atef Abu Saif skrifaði *Dagbók frá Gaza* og ákvað að gefa hana út til þess að hún yrði lesin. Bókin er í senn vitnisburður af vettvangi alvarlegra glæpa og mikilvæg heimild sem gefur innsýn í veruleika manneskju sem berst við að lifa af þjóðarmorð. Abu Saif berst ekki með vopnum, frekar en flestir landa hans, enda á Palestína engan her. Penninn er hans baráttutæki. Samhliða lífsbaráttunni sem felst í því að koma sér undan sprengjuregninu, halda á sér hita og næra sig, skrifar hann. Skrifin eru allt í senn; persónuleg, pólitísk og leið til að lifa af. Þegar bókin er skrifuð er valdið yfir örlögum hans í óvinahöndum, en hér verður skoðað hvort valdið yfir frásögninni sé ein leið til að berjast gegn hernámsliðinu. Geta viðtökur frásagnar hans haft áhrif á framvindu sögunnar?

Frásögn Abu Saif hefur leitt mig víða. Allt aftur til þarsíðustu aldar, inn í kjarna þjóðarmorðs sem enn stendur yfir, inn í mína eigin vitund. Hér leitast ég við að greina, skilja og útskýra frásögn hans með þeim aðferðum sem fræðasamfélagið á til. Atburðirnir sem ég fjalla um standa enn yfir. Okkur sem lifum sömu tíma í allt öðrum aðstæðum ber skylda til að fjalla um þá. Þar gegnir fræðasamfélagið hlutverki rétt eins og aðrir. *Dagbók frá Gaza* var send út í heiminn til þess að hún yrði lesin, um hana væri talað og fjallað. Og ein leið til að fjalla um hana er út frá fræðilegu sjónarhorni.

Í þessari ritgerð set ég *Dagbók frá Gaza* í samhengi við hernám Ísraels á Palestínu. Í kjölfar þess ræði ég um fræðilegar skilgreiningar á þjóðarmorði og legg áherslu á tvo þætti af tíu, þ.e. afmennskun og afneitun. Loks er rætt um dagbækur sem heimild, þá sérstaklega *Dagbók frá Gaza*. Í næsta kafla er fjallað um bókina sjálfa, höfund hennar og útgáfuna og hvernig hann berst fyrir lífi sínu með því að skrifa. Þar á eftir eru lokaorð sem draga saman umfjöllunina.

2. Kenningar og bakgrunnur

Í þessum kafla er lagður fræðilegur grunnur að umfjöllun um *Dagbók frá Gaza*. Í kaflanum er farið yfir uppruna sionisma í Evrópu og hvernig hann var fluttur til Palestínu á 20. öld. Rætt er um stofnun Ísraelsríkis og Nakba áður en farið er í umræðu um þjóðarmorð og helstu einkenni þess, sem bera má kennsl á í frásögn Abu Saifs. Þá er rætt um dagbókina sem heimild, almennt og svo þessa tilteknu frásögn.

2.1 Sionismi og Evrópa

Hugmyndafræði sionisma gengur út á það markmið að byggja upp ríki gyðinga á landi Palestínu. Samkvæmt hugmyndafræðinni er ekki hægt að uppfylla það markmið hvar sem er, heldur gengur hún út á að ríkið byggist upp einmitt á landi Palestínu. Fórarkostnaðurinn virðist alltaf hafa verið aukaatriði í hugum þeirra sem mótuðu og styðja þá hugmyndafræði. Síonísk hugmyndafræði ekki aðeins afleiðing nýlendustefnunnar, strengurinn hefur aldrei rofnað á milli. Saga sionisma á sér rætur í tímabilinu sem var hátindur nýlendustefnunnar, hann er framkvæmdur með sömu aðferðum og nýlendustefnan sem er gjarnan álitin tilheyra fortíðinni. Fólk sem hefur kynnt sér málefni Palestínu veit að svo er ekki. Hernám Palestínu er ekki „bara“ ólögleg landtaka og það ofbeldi sem henni fylgir, heldur algjör yfirtaka samfélags sem var í fullum blóma áður en sionistar réðust gegn því.⁴

Árið 1897 markar tímamót í aðdraganda stofnunar Ísraelsríkis í Palestínu. Það ár var fyrsta heimsþing Sionista haldið í Basel í Swiss og fór fremstur í flokki Ungverjinn Theodor Herzl, sem árið áður hafði gefið út bókina *Der Judenstaat* (e. *Jewish State*) þar sem hugmyndin um ríki gyðinga er kortlögð á nákvæman hátt.⁵ Á þinginu var samþykkt að róa öllum árum að því markmiði að gyðingar stofnuðu sitt eigið ríki í Palestínu. Þó svo að hugmyndina um ríki gyðinga í Palestínu megi rekja allt aftur til tíma Rómverja, urðu straumhvörf í þeim efnum á heimsþinginu. Sionistahreyfingin var sameinuð og sammála um þetta markmið. Því náði hreyfingin svo árið 1948, við lok heimstýrjaldarinnar. Það ár var Ísraelsríki stofnað með skelfilegum afleiðingum fyrir íbúa Palestínu. Hernámið er það lengsta á okkar tímum og stendur enn.

⁴ Cleveland og Bunton, *A History of the Modern Middle East*, 227–31.

⁵ Cleveland og Bunton, *A History of the Modern Middle East*, 227–31.

Edward Said setti fram kenningu sína um orientalisma í samnefndri bók árið 1978.⁶ Kenningin beinir sjónum að því hvernig ímynd Austurlanda er mótuð af vestrænni menningu og stjórnmálum. Sú ímynd byggir á hugmyndum um að „austrið“ sé óæðra Vesturlöndum. Þessar hugmyndir eru skilgetin afkvæmi valdakerfa nýlendustefnunnar og eru enn í dag notu til þess að réttlæta yfirtöku og íhlutun Vesturlanda. Vestrið sé best til þess fallið að „bjarga“ hinu framandi og vanþróaða austri frá sjálfu sér.⁷

Áður hafði Antonio Gramsci fjallað um útilokun hópa sem hann kallar undirtyllur (e. subaltern).⁸ Undirtylla er vísun í félagslega stöðu sem felur í sér útilokun frá þáttöku í samfélagi þar sem annar hópur fer með yfirráð. Kenning Gramsci gengur út á stéttskiptingu en Gayatri Spivak hefur sett fram kenningu sem byggir á svipuðum grunni og tekur tillit til áhrifa fleiri þátta en stéttar þegar kemur að undirskipun.⁹ Kenningar Spivak leggja grunn að eftirlendufræðum og spyrja hvort undirtyllan geti yfirhöfuð talað – og ef svo er, hvort nokkur hlusti – innan orðræðukerfa sem eru enn undir áhrifum nýlenduarfs og vestræns fræðilegs forræðis. Með þessum hætti verður gagnrýnin á vald ekki aðeins spurning um formleg réttindi eða stjórnmálalega stöðu, heldur einnig um hver fá að tala, hver túlkar orð þeirra og hver sæta algjörri þöggun.

Said hefur varpað ljósi á nán tengsl sionisma og orientálískrar arfleifðar Vesturlanda, þar sem orðræða um palestínsku þjóðina byggir á afmennskun.¹⁰ Í fræðilegri umfjöllun um kerfisbundið ofbeldi, öðrun og jaðarsetningu er nauðsynlegt að viðurkenna að jaðarsetning þjóða eða þjóðfélagshópa byggir á eldgömlum hefðum útilokunar. Hún er ekki tilviljun heldur þaulrannsakað mynstur sem fjöldi fræðafólks hefur lagt sig fram við að kortleggja. Slík útilokun getur tekið á sig margar myndir; í formi orðræðu, stjórnkerfa og hefða.

2.2 Nakba

„Í dag er 48. dagur stríðsins. Palestínumenn hafa óbeit á tölunni 48.“

⁶ Said, *Orientalism*.

⁷ Said.

⁸ Gramsci, *Selections from the Prison Notebooks of Antonio Gramsci*, 238.

⁹ Spivak, “Can the Subaltern Speak?”

¹⁰ Said, *The Question of Palestine*.

Arabíska hugtakið „al-nakba“ (النكبة) vísar til þess þegar sionískar hersveitir hröktu stóran hluta palestínsku þjóðarinnar frá heimilum sínum með skipulögðum hernaðaraðgerðum og ofbeldi árið 1948. Í kjölfarið lýsti Ben Gurion yfir stofnun Ísraelsríkis í Palestínu. Á ensku hefur *Nakba* verið þýtt sem *The catastrophe*, en hugtakið virðist enn ekki hafa fest sig í sessi á íslensku. Merking arabíska orðsins sjálfs gæti útlagst sem „hörmungarnar“ eða „hamfarirnar“. Að mínu mati eru þær þýðingar þó of almennar til að fanga það gildishlaðna hugtak sem Nakba¹¹ er. Sambærilegt hugtak sem þýtt hefur verið á íslensku væri kannski helförin. Samkvæmt Árnastofnun merkir orðið helför (án greinis): „ferð þar sem dauða ber að höndum“¹² en þegar orðið er notað með greini er flestum ljóst hvaða atburður verið er að vísa til, að það nái aðeins til eins atburðar.¹³

Við stofnun Ísraelsríkis var palestínska þjóðin svipt heimalandi sínu, sjálfstæði og borgaralegum réttindum. Palestínski mannréttindalögfræðingurinn og doktorsnemin Rabea Eghbariah hefur fært rök fyrir því að Nakba ætti að vera lagahugtak.¹⁴ Að hans mati vísar Nakba ekki aðeins til afmarkaðs atburðar heldur þurfi að líta á hugtakið sem skilgreiningu á því umfangsmikla og kerfisbundna ofbeldi sem Palestínufólk hefur búið við allt frá stofnun Ísraelsríkis. Eghbariah heldur því fram að með þetta í huga sé nauðsynlegt sé að endurskoða mótsagnakenndan ramma alþjóðalaga með Palestínu í huga. Markmiðið sé að gera breytingar á lagakerfum sem séu ekki aðeins óréttlát í garð Palestínu, heldur hafi markvisst verið beitt til að skerða réttindi palestínsku þjóðarinnar. Hann bendir einnig á að með því að skoða Palestínu í ljósi Nakba sé hægt að öðlast skýrari mynd af aðstæðum palestínsku þjóðarinnar.

“*What is so scary about Palestinians having the right to narrate their own realities?*”¹⁵ Vorið 2024 birti Eghbariah greinina sem vísað er í hér að ofan. Hún olli vægast sagt miklum titringi. Upphaflega birtist hún í *The Columbia Law Review* en fljótlega í kjölfar birtingar greinarinnar var vefsíðu ritsins lokað. Eghbariah sagði sjálfur frá atburðarásinni

¹¹ Í þýðingu Bjarna Jónssonar á Dagbók frá Gaza er vísað til Nakba sem „katastrófunnar“ og bendir það til þess að þýðandi hafi tekið þá ákvörðun vegna skorts á íslenskri þýðingu. Hér verður notast við arabíska orðið.

¹² Íslensk nútímamálsorðabók, „Helför No Kv“.

¹³ Íslensk nútímamálsorðabók, „Helför No Kv“.

¹⁴ Eghbariah, „Toward Nakba as a Legal Concept“.

¹⁵ Eghbariah.

í viðtali við The Guardian¹⁶. Þar greinir hann einnig frá því að Harvard Law Review hafi hætt við birtingu greinarinnar á síðustu stundu, eftir að hafa veitt samþykki fyrir birtingu.

Í greininni umdeildu bendir Eghbariah á að sionismi sé orsök Nakba, á sama hátt og nasismi sé orsök helfararinnar og suður-afrísk þjóðernishyggja sé rót aðskilnaðarstefnunnar (e. apartheid). Að hans mati, líkt og hann færir rök fyrir í greininni, er Nakba ekki afmarkaður atburður úr fortíðinni heldur ástand sem varir enn.¹⁷

2.3 Þjóðarmorð

Í fréttunum í dag er viðmælandinn beðinn um að útskýra mál sitt frekar. „Þetta er þjóðarmorð,“ segir hann. „Hvað þýðir „þjóðarmorð“?““ spyr Yasser. „Allt þetta, sem er að gerast í kringum okkur,“ svara ég.¹⁸

Í þessum kafla er fjallað um þjóðarmorð¹⁹ en það var fyrst skilgreint sem sjálfstæður glæpur samkvæmt alþjóðalögum á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1948. Að baki bjó skýrt markmið um að voðaverk síðari heimsstyrjaldarinnar skyldu ekki endurtaka sig.²⁰ Fjöldi ríkja og alþjóðastofnana hafa bent á að Ísrael sé að fremja þjóðarmorð á Gaza. Þar má nefna Amnesty International og Írland, auk Suður-Afríku, en þann 29. desember 2023 höfðaði Suður-Afríka mál gegn Ísrael fyrir alþjóðlega glæpadómstólnum í Haag. Suður-Afríka sakar Ísrael um að fremja þjóðarmorð á Gaza með vísun í fyrirnefndan samning SB.

Raz Seagal er ísraelskur prófessor við Stockton háskóla í Bandaríkjunum og sérfræðingur í helfarar- og þjóðarmorðsfræðum. Strax í október 2023 sagði hann að árásir Ísraelshers á Gaza væru skólarbókardæmi um þjóðarmorð í uppsiglingu.²¹ Hann vísar meðal annars til þess að ásetningur um þjóðarmorð sé brot á þjóðarmorðssamningnum og bendir á fjölda dæma um hvernig ásetningur ísraelskra stjórnvalda birtist í ummælum ísraelskra valdhafa. Sem dæmi tekur hann meðal annars yfirlýsingu Yoav Gallant, þáverandi varnarmálaráðherra Ísraels, frá 9. október 2023: *“We are imposing a complete siege on Gaza. No electricity, no food, no water, no fuel. Everything is closed. We are fighting*

¹⁶ Eghbariah, Why are America's elite universities so afraid of this scholar's paper?

¹⁷ Eghbariah, „Toward Nakba as a Legal Concept“, 906.

¹⁸ Abu Saif, *Dagbók frá Gaza*, 34.

¹⁹ United Nations, „Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide“.

²⁰ Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu, „Að hindra þjóðarmorð“.

²¹ Jewish Currents, „A Textbook Case of Genocide“.

human animals, and we will act accordingly.”²² Rúmu ári síðar, þann 21. nóvember 2024, gaf Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn í Haag (ICC) út handtökuskipun á hendur æðstu ráðamönnum Ísraels, Benjamin Netanyahu forsætisráðherra og fyrrnefndum Yoav Gallant, vegna stríðsglæpa á Gaza.

Mál Suður-Afríku er enn til meðferðar hjá Alþjóðlega sakamáladómstólnum í Haag þegar þetta er skrifað. Í janúar 2024 birti dómstóllinn bráðabirgðaniðurstöðu þar sem ísraelskum stjórnvöldum er gert að grípa til aðgerða til að „koma í veg fyrir þjóðarmorð“. Markmið þessarar ritgerðar er augljóslega ekki að sanna að Ísrael sé að fremja þjóðarmorð á Gaza, en í verkinu sem hér er til umfjöllunar er þjóðarmorð veruleiki þess sem segir frá. Upplifun höfundarins er ekki skáldskapur, heldur lýsir hann frá fyrstu hendi aðstæðum sem hann sjálfur, fjöldi fræðafólks, alþjóðasamtaka og -stofnana, auk ríkja eins og Suður-Afríku hafa lýst yfir að sé þjóðarmorð.

Gregory H. Stanton hefur rannsakað þjóðarmorð og komist að þeirri niðurstöðu að það sé ferli sem skiptist í tíu stig.²³

1. Flokkun
2. Táknvæðing (e. symbolization)
3. Mismunun
4. Afmennskun
5. Skipulagning
6. Skautun
7. Undirbúningur
8. Ofsóknir
9. Útrýming
10. Afneitun

Stanton bendir á að á hverju stigi sé mögulegt að grípa til aðgerða sem komið geti í veg fyrir framvindu ferlisins. Hann heldur því fram að framvindan sé ekki endilega línuleg og að fleri en eitt stig geti átt sér stað samtímis. Hvert og eitt stiganna feli þó í sér sjálfstætt ferli. Eftir því sem ríki ganga lengra í aðgerðum sem einkenna þessi stig eykst hættan á þjóðarmorði. Hér verður fjallað nánar um tvö af tíu stigum þjóðarmorðs og þau sett í samhengi við frásögn Abu Saif í *Dagbók frá Gaza*, afmennskun og afneitun.

²² Al Jazeera, „Israeli Defence Minister Orders ‘Complete Siege’ on Gaza“.

²³ Genocide Watch, “Ten Stages of Genocide”.

2.3.1 Afmennskun

Afmennskun (e. dehumanization) er þekkt aðferð ríkja og hópa sem taka sér vald yfir öðru fólki og brjóta kerfisbundið á mannréttindum þess. Slíkt fær aðeins að viðgangast ef kúgarinn nær að sannfæra nógu stóran hóp um að hin kúguðu séu á einhvern hátt minni manneskjur en þau sem eru í yfirburðarstöðu gagnvart þeim.²⁴ Samkvæmt Stanton hefur mannhelgi þolendahópsins verið afneitað þegar þessu stigi er náð. Fólki, sem tilheyrir hópnum, er gjarnan líkt við dýr eða sjúkdóma og hatursorðræðu beitt á markvissan hátt í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, janfnvel menntastofnunum. Innræting hatursfullra viðhorfa í garð fólksins undirbýr jarðveginn fyrir hvatningu til ofbeldis. Líkur eru á að þolendur verði svipt persónueinkennum, fái t.d. númer í stað nafna.²⁵

David Livingstone Smith er einn margra sem hafa rannsakað afmennskun. Líkt og Stanton sýnir hann fram á að hún geti verið undanfari þjóðarmorðs og í raun forsenda þess að hægt sé að fá fólk til að beita aðrar manneskjur svo umfangsmiklu og hrottalegu ofbeldi. Slíkt sé aðeins mögulegt ef nógu stór hópur fólks trúir því að þolendur séu minna virði eða á einhvern hátt minna mennsk en það sjálft. Samkvæmt Livingstone er afmennskun marglaga og að baki henni liggja flóknir félagslegir og sálfræðilegir ferlar. Í grein sinni „*Paradoxes of Dehumanization*“²⁶ færir hann rök fyrir hæfni gerenda til að koma auga á mannlega eiginleika þolenda sinna, en um leið réttlæta ofbeldi og undirskipun gagnvart þeim.

Fræðimenn eins og Edward Said hafa fært sterk rök fyrir því að menning og listir séu öflugt baráttutæki gegn ofbeldi eins og afmennskun. Tjáning tilfinninga, skoðana og menningar beina sjónum að sammannlegum eiginleikum fólks og geta þannig átt þátt í að brjóta á bak aftur skilaboð um að mennsku fólks sé misskipt. Aðskilnaðarstefna Ísraelsríkis rúmar ekki þá hugmynd að fólk af palestínskum uppruna búi yfir sömu mannlegu eiginleikum og annað fólk og hefur lagt mikið upp úr orðræðu sem gerir lítið úr samfélagi Palestínufólks. Slíkar aðferðir einskorðast ekki við Ísraelsríki. Dæmi um slíkar aðferðir eru aðdragandi helfarar nasista gegn gyðingum, aðskilnaðarstefna stjórnvalda í Suður-Afríku og nýlendutíminn eins og hann leggur sig. Listinn er ekki

²⁴ Haslam og Stratemeyer, „Recent Research on Dehumanization“.

²⁵ Genocide Watch, “Ten Stages of Genocide”.

²⁶ Smith, „Paradoxes of Dehumanization“.

tæmandi, heldur eru þetta dæmi um stóra atburði í mannskynssögunni þar sem afmennskun var beitt til að réttlæta gróft og kerfisbundið ofbeldi í garð almennra borgara.

Said hefur einnig fjallað um hvernig fólk sem sætir kúgun skapar í óþökk kúgarans. Í bók sinni *Culture and Imperialism* skýrir hann hvernig menning og listir eru ekki aðeins hluti af sjálfsmynd þjóðar, heldur einnig mikilvægt tæki í baráttunni gegn kúgun og kerfisbundnu ofbeldi.²⁷ Frelsisbarátta palestínsku þjóðarinnar fer þannig alls ekki aðeins fram innan Palestínu, heldur um heim allan. Palestínsk menning hefur sáð fræjum víða og þeim sprettur lifandi og frjó menning sem er veigamikill þáttur í frelsisbaráttu palestínsku þjóðarinnar. Að tjá upplifun sína af kúgun og ofbeldi í formi menningar er þannig ekki aðeins listræn ákvörðun heldur líka lífsbarátta. Að segja frá, skapa og vera er uppreisn þegar ráðandi öfl vilja beita ægivaldi sínu til að afmá öll ummerki um tilvist og menningu heillar þjóðar.

Ísraelsmenn hafa gefið út nýtt kort þar sem Gazasvæðinu er skipt upp í mörg hundruð reiti og hefur hver sitt númer. Við eigum að kynna okkur númerin og fara að tilmælum Ísraels í samræmi við þetta skipulag. Reiturinn sem við búum á í augnablikinu er númer „---“ (ekki birt, af öryggisástæðum). Nú á ekki lengur að nota falleg nöfn á borð við þorpsnafnið Juhor al-Dik („Hæsnaholan“), heldur merkingarlaus og vélræn númer. Við Palestínumenn erum vanir svona brögðum: Við berum nú þegar á okkur „haweya“ – ísraelskt nafnskirteini og erum vanir því að vera lítið annað en númer í augum Ísraels. En nú á líka að má burt öll örnefni, ræna þjóðarvitundinni og sögu landsins. Þeir ætla að valta yfir allt þetta með þá gömlu goðsögn að vopni að hér hafi aldrei neinn búið; að landið sé ekki baðað milljón minningum.²⁸

Titill *Dagbókarinnar* á frummálinu er *Don't Look Left: A Diary of Genocide*, en bókin var síðar gefin út á arabísku. Hvers vegna þýðandi tók ákvörðun um að hverfa frá því hugtaki í íslenska titlinum hef ég engin svör við. Hins vegar þykir mjög umdeilt að nota hugtakið á Vesturlöndum og mjög algengt að fólk í valdastöðum veigri sér við því að taka það sér í munn. Í því felst afstaða, segir fólk gjarnan, en í því að afneita ástandinu og víkja sér undan notkun hugtaksins felst ekki síður afstaða. Í næsta hluta er fjallað um afneitun sem skref í átt að þjóðarmorði.

²⁷ Said, *Culture and Imperialism*.

²⁸ Abu Saif, *Dagbók frá Gaza*, 234.

2.3.2 Afneitun

Í aðdraganda Alþingiskosninga haustið 2024 voru frambjóðendur t.d. ítrekað innt eftir afstöðu sinni til þjóðarmorðsins á Gaza og beðin um að leggja mat á hvort um þjóðarmorð væri að ræða eða ekki. Tilraunir til að þvinga fram afstöðu valdhafa eru ekki eingöngu bundinar við Ísland, heldur er valdhöfum um allan heim gert að svara sambærilegum spurningum. Ástæða þess að gengið er hart eftir slíkum yfirlýsingum er sú að þær spila veigamikil hlutverk í því að leggja mat á stöðuna á Gaza. Samkvæmt Stanton er afneitun tíunda stigs þjóðarmorðs og tregi fólks í valdastöðum til að taka sér orðið hugtakið í munn hluti af ferli tíunda stigsins.

During and after genocide, lawyers, diplomats, and others who oppose forceful action often deny that these crimes meet the definition of genocide. They call them euphemisms like "ethnic cleansing" instead. They question whether intent to destroy a group can be proven, ignoring thousands of murders. They overlook deliberate imposition of conditions that destroy part of a group. They claim that only courts can determine whether there has been genocide, demanding "proof beyond a reasonable doubt", when prevention only requires action based on compelling evidence.²⁹

Hvað er svona hættulegt við að Palestínufólk fái að skilgreina sinn eigin veruleika? Þessi spurning sem Rabea Eghbariah spyr í viðtalinu sem vitnað er í í kaflanum um Nakba er grundvallarspurning í baráttunni gegn hernámi og þjóðarmorði Ísraels. Þetta veit Abu Saif og textinn ber þess merki að hann skrifi með þetta í huga. „Hættan“ er nefnilega sú, samkvæmt Stanton og fleirum sem hafa rannsakað þjóðarmorð, er eina leiðin til að stöðva slíkt að grípa til ákveðinna aðgerða sem sporna gegn stigmögnun þess. Það að Palestínufólk endurheimti skilgreiningarvaldið yfir eigin tilvist er inngríp í framvindu þjóðarmorðsins. Samkvæmt Stanton er lokastig þjóðarmorðs afneitun. Það þýðir þó ekki að þjóðarmorðið sé yfirstaðið, heldur bendir hann á að fleiri en eitt stig geti staðið yfir samtímis. Afneitunin getur því átt sér stað bæði fyrir, eftir og á meðan þjóðarmorð er í gangi. Við hvert stig fjallar hann um inngríp sem geta hægt á eða stöðvað framvindu stigsins. Á afneitunarstiginu er dæmi um slíkt eftirfarandi: „*The best response to denial is punishment by an international tribunal or national courts. There the evidence can be heard, and the perpetrators punished.*“³⁰

²⁹ Genocide Watch, “Ten Stages of Genocide”.

³⁰ Genocide Watch, “Ten Stages of Genocide”.

Líkt og þarna kemur fram er forsenda þess að hægt sé að sækja gerendur til saka og beita refsiaðgerðum er að þolendur fái áheyrn og að sönnunargögn og vitnisburðir séu tekin alvarlega. Þannig er kannski ein leið til að svara spurningu Eghbariah að „hættan“ við að palestínufólk endurheimti skilgreiningarvald yfir örlögum sínum og aðstæðum sé að áætlunum um framkvæmd þjóðarmorðs sé ógnað. „Ógnin“ felst einnig í því að gerendur gætu þurft að sæta ábyrgð. Þar er ekki aðeins Ísraelsríki undir, heldur öll þau ríki sem hafa tekið þátt í hverju stigi fyrir sig. Sum hafa gengið lengra en önnur, en flest ríki heims hafa lagt sitt á vogarskálarnar í afneitunarstiginu.

Alþjóðasamfélag nútímans á erfitt með að koma sér saman um skilgreiningu á hugtakinu og þá hvenær sé við hæfi að nota það. Þjóðarmorðssamningurinn miðast við helförina og mörgum finnst jafnvel óviðeigandi að yfirfæra hann yfir á aðra atburði, þar sem ekkert geti jafnast á við hana í alvarleika.

2.4 Dagbókin sem heimild

Fræðimaðurinn Alex Winder hefur rannsakað dagbækur frá tímum Nakba.³¹ Hann segir algengt að lítið sé á dagbókarskrif sem eins konar fyrstu drög að söguskýringu, en færir rök fyrir því að dagbækur ætti frekar að líta á sem sjálfstæðar, sagnfræðilegar heimildir. Ólíkt almennari framsetningu sögulegra atburða geti slíkar heimildir fært lesanda dýpri skilning á reynslu og aðstæðum einstaklinga sem upplifðu þá.³²

Winder bendir einnig á að lestur dagbóka getur verið flókinn að því leyti að í þær vantar oft upplýsingar sem lesandi gjarnan myndi vilja hafa aðgang að. Dæmi um þetta er þegar vísað er til persóna sem ekki er gerð frekari grein fyrir, enda algengt að dagbækur séu ekki ætlaðar öðrum en höfundu til aflestrar.³³ Þannig er mjög margt ósagt, því textinn er ekki endilega ætlaður að skýra það sem skrifað er um fyrir utanaðkomandi lesanda. Að sama skapi varpar Winder ljósi á hvernig slíkar heimildir geta beint sjónum lesanda að því hvernig Palestínumenn upplifðu sögulegar hörmungar frá eigin sjónarhóli, oft með takmörkuðum upplýsingum um stöðuna annars staðar í landinu. Þannig megi oft greina

³¹ „Nakba“ er hugtak úr arabísku sem vísar til þess þegar sionískar hersveitir hröktu stóran hluta palestínsku þjóðarinnar frá heimilum sínum með skipulögðum hernaðaraðgerðum og ofbeldi árið 1948, í aðdraganda stofnunar Ísraelsríkis.

³² Winder, „Nakba Diaries“, 24.

³³ Winder, „Nakba Diaries“, 24.

upplifanir og túlkun á aðstæðunum út frá staðbundnum atburðum án víðara samhengis þar sem heildarmynd aðstæðna er enn óljós eða óaðgengileg þeim sem skrifar.³⁴

Dagbók frá Gaza er dæmi um slíka heimdild. Hún er frásögn eins manns af sameiginlegri reynslu milljóna ólíkra einstaklinga. Hún er ekki bara hans saga, hún er í senn hans upplifun og vitnisburður af því sem dynur á samfélagi hans. Hans upplifun er þjóðarmorð. Það stóra orð virðist ekki passa nógu „snyrtilega inn í söguna“, að minnsta kosti ekki ennþá. Þegar fram líða stundir komast alþjóðastofnanir að öllum líkindum að niðurstöðu varðandi notkun lagahugtaka yfir ofbeldið sem hann upplifir og segir frá. Þangað til svífur sannleikur hvers og eins í lausu lofti. Önnur dæmi um dagbókarskrif sem með tímanum hafa fengið aukið vægi er *Dagbók Önnu Frank*, endurminningar táningsstúlku sem skrásetti upplifun sína á dögum helfararinnar. Með tímanum hefur hún hins vegar öðlast stöðu sem mun meira en endurminningabók.

Gunnþórunn Guðmundsdóttir, prófessor í bókmenntafræði, hefur fjallað um endurminningar. Í grein eftir hana sem nefnist *Þættir af minni og gleymsku*³⁵ fjallar hún meðal annars um endurminningar rithöfundarins og fræðikonunnar Lisa Appiganesi, *Losing the Dead. A Family Memoir (1999)*. Appiganesi er af gyðingaættum og eftirfarandi tilvitnun í æviskrif hennar á mikinn samhljóm með því sem Winder heldur fram um dagbókarskrif sem sjálfstæða sagnfræðilega heimild:

Sögurnar sem foreldrar mínir sögðu voru í senn sérstakari og fjölbreyttari. Þær einkenndust af brotakenndu persónulegu minni sem passar oft ekki snyrtilega inn í stórsöguna. Þegar þessi samþykkt frásögn af ikonískri helför mótaðist og hennar var minnst – þegar þeirra hafði allra verið minnst opinberlega sem fórnarlamba – fjaraði þeirra eigin frásögn út.³⁶

Svo virðist sem Appiganesi eigi þarna við munnlegar frásagnir foreldranna, en ekki endilega dagbókarskrif. Engu að síður rímar ofangreind lýsing við kenningar Winders um sögur fólks sem sjálfstæða, sögulega heimild og að „sagan“ sé ekki aðeins þversumman

³⁴ Winder, 31.

³⁵ Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Þættir af minni og gleymsku. Fræði, skáldskapur og minningabrot“, 196.

³⁶ Gunnþórunn Guðmundsdóttir, 196.

af því sem stór hópur fólks upplifði, heldur hafi endurminningar og frásagnir hvers og eins sjálfstætt sagnfræðilegt gildi.

3. Skrif og stríð

Dagbókarskrif frá sögulegum tímum geta verið mikilvægar heimildir fyrir rannsakendur. Fræðiefni um þessa tegund skrifa er fjölbreytt og nær til fjölda fræðasviða. Dagbækur sem þessar veita persónulegt sjónarhorn á stríðsástand og eru slík skrif oft mjög persónuleg og af þeim sökum er umfjöllun um þau oft bæði viðkvæm og vandmeðfarin. Dagbækur frá fólki undir hernámi eða í stríðsástandi veita sérstaka innsýn í það ástand. Palestína hefur verið hernúmin frá því 1948. Þjóðir sem búa ekki við fullveldi skortir oft innviði sem gegna lykilhlutverki í varðveislu menningararfs og skráningu sögulegra skjala og heimilda. Dæmi um stofnanir sem gegna slíku hlutverki eru Þjóðskjalasöfn og Þjóðminjasöfn. Þegar slíkt utanumhald er ekki fyrir hendi verður varðveisla menningarminja og sögulegra gagna ómarkviss og tilviljanakennd sem getur leitt til þess að þau glatist. Þegar hernám og kerfisbundnar ofsóknir eru raunin, líkt og í Palestínu, eru menningarverðmæti í enn meiri hættu. Í slíkum aðstæðum er það hernámsliðinu í hag að þurrka út sögu og sérstöðu þjóðarinnar. Eyðilegging menningarverðmæta af ásetningi er brot á alþjóðalögum.³⁷ Palestínu-flóttamannahjálpin (United Nations Relief Works Agency for Palestine Refugees in the Near East eða UNRWA) hefur þó í vörslu sinni skjöl frá tímum katastrófunnar, Nakba, sem náðist að koma undan eyðileggingu sionískra hersveita. Palestínskur almenningur hefur af þessum sökum þurft að finna sér fjölbreyttar leiðir til að skrásetja, varðveita og miðla sinni sögu. Með tilkomu samfélagsmiðla hefur bæst við enn ein leið fyrir fólk til að miðla upplifunum sínum, hugðarefnum og menningu. Afar fáar dagbækur hafa varðveist frá tímum Nakba.

3.1 Um höfund *Dagbókar frá Gaza*

Rithöfundurinn Atef Abu Saif fæddist í Jabalia-flóttamannabúðunum á Gaza árið 1973. er rithöfundur. Hann hefur búið á Vesturbakkanun frá árinu 2019, er meðlimur Fatah-

³⁷ UNESCO, „1954 Convention“.

hreyfingarinnar³⁸ og gegnir embætti menningarmálaráðherra Palestínu. Abu Saif lauk BA gráðu frá Birzeit háskólanum í Palestínu, MA gráðu frá háskólanum í Bradford á Englandi og er með doktorsgráðu í stjórnmála- og félagsvísindum frá European University Institute í Flórens á Ítalíu.

Abu Saif hefur gefið út sex skáldsögur. Ein þeirra ber titilinn *A Suspended Life* (2014), en fyrir hana hlaut hann tilnefningu til Arabic Booker verðlaunanna árið 2015.³⁹ Þegar Ísraelsher réðst á Gaza sumarið 2014 hélt hann líka dagbók. Sú nefnist *The Drone Eats With Me: Diaries from a City Under Fire*.⁴⁰ Á þeim tíma var notkun samfélagsmiðla alls ekki jafn umfangsmikil og hún er í dag, en mikil þróun hefur orðið í þeim efnum undanfarinn áratug. Það þarf því ekki að leita lengra aftur en um áratug til að finna tímabil þar sem dagbókin gegndi enn lykilhlutverki í skrásetningu heimilda á slíkum tímum.

Dagbók frá Gaza hefst á orðunum „*fyrir Bilal*“. Bókin er tileinkuð blaðamanninum Bilal Jadallah, sem oft er kallaður „faðir blaðamenskunnar“ í Palestínu og var kær vinur Abu Saif. Ísraelsher myrti hann í nóvember árið 2023, þar sem hann var við störf á vettvangi á Gaza. Morðið á Jadallah var vini hans Abu Saif, rétt eins og þjóðinni allri, mikið áfall: „*Bilal er dáinn og það sama má segja um 20.000 Palestínumenn. Þegar ég velti fyrir mér því sem ég upplifað undanfarið, skil ég ekki hvernig ég komst lífs af.*“⁴¹

Audrey Azoulay, framkvæmdastjóri UNESCO, fordæmdi morðið á Jadallah:

*I condemn the killing of Bilal Jadallah. The protection of journalists as civilians is a requirement under international law, including UN Security Council Resolution 2222/2015 on the protection of journalists, media professionals and associated personnel in situations of conflict. I call for a full and transparent investigation to determine the circumstances of this tragedy.*⁴²

Framsetningin í Dagbókinni er oft hversdagsleg, þó verið sé að skrifa um jafn alvarlega hluti og þjóðarmorð: „*Ekkert að fréttu í dag. Engar sprengingar, engin skothríð.*“⁴³

³⁸ Fatah er palestínsk stjórnmalahreyfing stofnuð árið 1959. Einn af stofnfélögum hennar var Yasser Arafat. Hreyfingin hefur verið áhrifamikil í sjálfstæðisbaráttu Palestínu og gegnt lykilhlutverki í PLO. Núverandi leiðtogi Fatah er Mahmoud Abbas, forseti Palestínu. Hreyfingin stýrir Vesturbakkanum.

³⁹ Comma Press, „Don't Look Left Now Available in 13 Different Languages“.

⁴⁰ Abu Saif, *Dagbók frá Gaza*.

⁴¹ Abu Saif, 336.

⁴² UNESCO, „UNESCO Director-General condemns killing of journalist Bilal Jadallah in Palestine“

⁴³ Abu Saif, 214.

Svona hefst dagbókarfærsla frá 26. nóvember 2023, sem var annar dagur fyrsta vopnahlés þjóðarmorðsins. Abu Saif lýsir aðstæðum, skortinum og nagandi óvissunni. Hann skrásetur líka tilfinningu sem svo margt fólk frá Gaza hefur lýst; skeytingarleysi umheimsins. Textinn ber afmennskun á íbúum Palestínu ítrekað vitni og um leið beinir hann sjónum að afleiðingunum, bæði örvæntingunni sem fylgir því að hafa verið yfirgefin af umheiminum:

Það eru endalausar fréttir af fönfum og gíslum og vitnað til yfirlýsinga leiðtoga um allan heim. Allir virðast mjög ánægðir með að fólkið hafi verið leyst úr haldi en það talar enginn um þann hræðilega toll sem stríðið hefur tekið af saklausum borgurum á Gaza. Aldrei er minnst á þjáningar þeirra og þær ömurlegu aðstæður sem þeir búa við.⁴⁴

Inn á milli er svo að finna frásagnir af aðgerðum sem snúa að eyðileggingu menningarverðmæta, ritskoðun og fleiru sem er í sjálfu sér grafalvarlegar en standa einhvern veginn í skugganum af öllu því sem er alvarlegra í augum flesta. Abu Saif lýsir því hvernig menningarstofnanir hafa verið sprengdar og í samtali rifjar vinur hans upp minningar af bókabrennu, sem stóð þó tæpt. Tilefnið var óvænt húsleit Ísraelshers á heimili hans og þá reið á að koma undan bókum eftir „óæskilega“ höfunda undan, áður en herinn fann á honum höggstað.⁴⁵ Frásögnin er sett fram af ákveðnum léttleika, þó undirtónninn í henni sé grafalvarlegur. Fjölmörg dæmi um slíkt er að finna í textanum, því hvernig á fólk að draga andann í svo alvarlegum aðstæðum án þess að húnur eða léttleika sé nokkurn tíma að merkja?

3.2 Að skrifa fyrir lífi sínu

Ég fæ samstundis þörf fyrir að skrifa þegar ég velti fyrir mér framtíð þessarar borgar – ef hún skyldi einhver vera.⁴⁶

Höfundur greinir frá því hvernig þörfin til að skrifa greip hann þegar árásir Ísraelshers á Gaza færðust í aukana. Það vakti athygli mína hvernig þörfin fyrir að skrifa um heimalandið, „staðina“, er í forgunni. Frásögnin er samofin hans eigin lífssögu, en í textanum setur hann örlög og framtíð heimalandsins frammar sínum eigin. Í eftirmála

⁴⁴ Abu Saif, 214.

⁴⁵ Abu Saif, *Dagbók frá Gaza*, 228–29.

⁴⁶ Abu Saif, 66.

bókarinnar greinir hann frá því að bókin hafi upphaflega ekki verið hugsuð sem dagbók, heldur vitnisburður af vettvangi ef hann sjálfur yrði ekki til frásagnar:

Þetta byrjaði ekki sem dagbók. Ég ákvað að skrifa eins konar vitnisburð, frásögn af atburðum liðandi stundar – ef ske kynni að ég léti sjálfur lífið. Ég fann fyrir nærveru dauðans. Hann læddist aftan að mér og horfði yfir axlirnar á mér á meðan ég skrifaði og reyndi að verjast honum um leið; ég myndi kannski ekki sigra hann en sporna við honum og hætta að hugsa um hann.⁴⁷

Þrátt fyrir að Abu Saif hafi verið í bráðri lífshættu allan þann tíma sem hann skrifaði dagbókina, rétt eins og allt fólk á Gaza, þá hélt hann áfram að skrifa. Hann lýsir því hvernig skrifin hjálpa honum að halda sönsum, en líka tilganginum sem hann fann í því að bera óréttlætinu vitni. Hann horfist ítrekað í augu við dauðann, en birtingarmynd lífshvatarinnar er sterk þegar hann heldur áfram að draga pennann eftir síðum dagbókarinnar. Orð fyrir orð, morð fyrir morð.

Lýsingar á því hvernig skrifin hjálpa honum að halda lífinu kallast á við hvernig hann virðist hafa vanist þeirri tilhugsun að hann komist ekki af. Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður skrifar hann texta sem er í senn áhrifamikill og fullur af upplýsingum um veruleika sem erfitt væri að fá aðgang að á annan hátt. Textinn er lifandi þó dauðinn sé allt um kring.

Baráttan um Palestínu hverfur aldrei úr textanum. Jafnvel þegar Abu Saif er úrkula vonar um að hann eða nokkur á Gaza eigi sér framtíð. Af skrifum hans að dæma er framtíð heimalandsins stærri í hans huga en ein manneskja – og miklu stærri en hann sjálfur:

Staðir lifa áfram í skrifum okkar, við setjum á blað minningar um götur sem þaktar eru braki, hús sem máð hafa verið af yfirborði jarðar. Þar með tekst okkur ekki aðeins að forða þeim frá gleymsku, við rissum þau upp svo hægt sé að endurreisa þau. Í fyrri mynd og hvar sem okkur ber að lokum niður.⁴⁸

Í eftirmála lýsir hann því hvernig tilgangur skrifanna hefur tekið breytingum eftir því sem þjóðarmorðinu vindur fram. Það sem upphaflega átti fyrst og fremst að verða skrásetning atburða sem ríkti mikil óvissa um, varð að frásögn með marglaga merkingu og tilgang, mitt í því almesta tilgangsleysi sem nokkur manneskja getur upplifað. Niðurlag

⁴⁷ Abu Saif, 337.

⁴⁸ Abu Saif, 66.

eftirmálans er tilfinningaþrungið og ber sorginni og tilfinningaálagi eftirlifanda skýrt vitni:

Ég get ekki syrgt. Ég næ mér ekki aftur á strik. Sársauka mínum er slegið á frest, harminum seinkað. Nú er enginn tími til þess að hugsa um alla þessa hluti. En í þessari bók sé ég alla sem ég hef unnað og misst og ég næ aftur sambandi við þá. Með bókinni get ég látið eins og allt þetta fólk sé hér enn.⁴⁹

Atef Abu Saif lýsir ekki bara framkvæmd þjóðarmorðs í texta dagbókarinnar heldur lífinu, sem þó heldur áfram þrátt fyrir allt. Um leið er bókinn orðinn minnisvarði um látna ástvini og samferðafólk, áminning um hryllinginn en líka lífið fyrir og eftir. Inn á milli lýsinga af martraðarkenndum aðstæðum í rauntíma segir hann svo sögu þjóðar sinnar, bæði í formi eigin endurminninga en líka í samhengi við atburði sem eru þekktir um allan heim.

Það er vandkvæðum bundið að finna textanum stað innan ákveðins forms bókmennta. Ef til vill er það ákveðin vanvirðing við textann að ætla honum pláss innan táknkerfis sem nær illa utan um veruleikann sem höfundur skrifar um. Óneitanlega koma upp spurningar um hvort hreinlega sé viðeigandi að taka sér slíkt fræðilegt vald yfir rödd sem er helst ekki ætlað að heyrast. Þess vegna tel ég mikilvægt að gangast inn á forsendur og upplifun höfundar þegar kemur að orðræðu sem vestræn gildi vilja svo gjarnan kveða niður. Að gangast ekki inn á stigmögnun þjóðarmorðsins með því að afneita því, en um leið að smætta textann, og þar með höfundinn, niður í þjóðarmorð. Hann er nefnilega allt annað en það. Hann er vitnisburður um líf þjóðar sem á að myrða. Hann varpar ljósi á aðferðirnar, óréttlætið og ofbeldið, á hátt sem ekki einu sinni sjálft ímyndunaraflið á roð í. En allt þetta gerir Abu Saif með lífið í forgrunni og að veði. Hann tekur ákvörðun um að staldra við, óviss um hvað er í vændum en meðvitaður um mikilvægi þess að miðla því.

Stundum er augljóst að textinn er ætlaður öðrum til aflestrar, en svo kemur fyrir að geta í eyðurnar, líkt og Winder kemur inn á og farið er yfir í kafla 2.4. Munurinn er þó sá að hér er um samtímaheimild að ræða. Höfundur er enn á lífi og fjölbreyttari leiðir færar þeim

⁴⁹ Abu Saif, 337.

sem vilja fylla í eyðurnar, ólíkt því þegar verið er að vinna með heimildir frá tímum sem fá eða engin eru lengur til frásagnar um.

Abu Saif skrifar ekki aðeins til að halda sönsum, heldur til að miðla sögulegri og óvæginni atburðarás til þeirra sem munu aðeins fá innsýn í hana úr fjarlægð. Sú fjarlægð verður afstæð út af því hvernig hann segir frá. Orð hans um að hann geti ekki syrgt nema í gegnum textann, mætti túlka sem svo, að þrátt fyrir allan dauðann og eyðilegginguna, og ef allt fer á versta mögulega veg, eigi Palestína sér framhaldslíf. Hún er til í hugum fólks og hún er vandlega skrásett af þeim sem taka upp pennann til varnar sér og sínum. Textinn varðveitir ekki aðeins augnablik úr tilveru höfundar, hann er brot í púsluspilið sem myndar heildina - sjálfstæða, stolta menningarþjóð sem á sér bæði sögu og framtíð. Þjóð með eigin sköpunarkraft, minningar, drauma og skoðanir.

Penninn nær utan um þetta allt á einhvern hátt sem er hernáminu ofviða að kveða niður. Sama hversu ákaft sprengjurnar falla hefur myndin af húsinu verið dregin upp. Hún er til. Á blaði, í minni og menningu fólksins. Líkt og fræ sem sáð hefur verið í frjóan jarðveg og bíða vorsins.

Leiðtogar heimsins klappa hver öðrum á bakið en venslafólk mitt má rotna í rústum heimilisins. Þetta er ekki einhver tölfræði, þetta eru manneskjur, fólk með fortíð og sögu – gríðarlega flókna sögu um ást og vonir, þjáningu og vonbrigði, framtíð sem var rænt af því. Þetta eru sögurnar sem ætti að segja í fréttatímanum. Þess í stað er boðið upp á afskræmingu og pólitískt handapat, í heimi þar sem allt tal um siðferði er innantómt hjal og í engum tengslum við raunverulega atburði.⁵⁰

Dagbók Abu Saif lýsir daglegu lífi í aðstæðum sem eru langt því frá hversdagslegar. Höfundur lýsir því sem fyrir augu ber, því sem bærast innra með honum og upplifun hans af sorgum og sigrum fólksins í kringum sig. Máltíðir, svefn, draumar, martraðir - daglegar athafnir fólks eru veigamikið viðfangsefni bókarinnar. Það er þessi hversdagsleiki í hryllingnum sem kannski sýnir hlið á stríðinu sem að Ísraelsríki vill ekki endilega að sjáist. Hún er mótvægi sem afsannar afmennskunina, í raun afar öflugt baráttutæki gegn þjóðarmorði. Það þjónar ekki þeirra hagsmunum þjóðarmorðingja að fólk finni til

⁵⁰ Abu Saif, 215.

samkenndar með samferðafólki sínu, það er inngrip í stig afmennskunar og „truflun“ á framgangi þjóðarmorðs.

Lýsingar á hversdagsleika, á mannlegum athöfnum og tilfinningum ögra hugmyndum um fólk sem Ísraelar vilja gjarnan viðhalda. Abu Saif er palestínsk rödd í heimi sem hefur litið undan og snúið baki við þjóð hans á örlagatímum. Með því að vinna gegn áróðrinum og tilraunum til afmennskunar felst öflug andspyrna. Þjóðarmorð verður ekki stöðvað nema nógu stór hópur fólks sjái í gegnum áróðurinn og stöðvi framgang þess og Abu Saif leggur allt í sölurnar svo það megi verða.

Hann segir frá því hvernig lífið finnur sér farveg á milli alls hryllingsins sem á sér stað í kringum hann. Hann tekur sér vald yfir frásögninni, þetta er hans saga. Sjónarhornið er annað en við fáum frá utanaðkomandi aðilum sem fjalla um sömu atburði. Valdið til að segja frá og skilgreina er uppreisn. Um þetta er sögumaður fullmeðvitaður og um það eru fjölmörg dæmi í textanum.

Þrátt fyrir að Ísraelsher sé staðsettur handan landamæraanna hefur hann nákvæma innsýn í það sem gerist á Gazasvæðinu. Palestínumenn eru hins vegar ekki með lofther – við erum ekki einu sinni með flugbraut eða sjóher – hvað þá hátækibúnað. Við megum ekki nota neitt slíkt. Maður hlýtur að spyrja sig hversu mikið ójafnvægi þurfi að vera milli stríðandi aðila til þess að hernaðaraðgerðir teljist slátrun en ekki varnarstríð.⁵¹

Á sextánda degi þjóðarmorðsins skrifaði Abu Saif eftirfarandi í dagbókina:

En nú taka dagarnir að líkjast hver öðrum og næturnar renna saman í eitt. Það gerist ekkert nýtt í stríði. Og mér finnst það vera alveg nógu fréttæmt þegar við opnum augun á morgnana.⁵²

Frá því að þessi orð voru skrifuð hafa liðið meira en fimm hundruð dagar. Leiða má líkur að því að dagarnir líkist enn hver öðrum og að næturnar renni þá saman í eitt, en fólkinu sem opnar augun á morgnana fækkar með hverjum deginum.

3.3 Útgáfan

⁵¹ Abu Saif, 170.

⁵² Abu Saif, 83–84.

Dagbók frá Gaza eftir Atef Abu Saif var upphaflega gefin út á ensku og ber titilinn: *Don't Look Left: A Diary of Genocide*. Hún var þýdd á íslensku úr ensku og er íslenski titillinn, *Dagbók frá Gaza*. Það vekur strax athygli að hvergi er minnst á þjóðarmorð í íslenska titlinum, líkt og gert er í undirtitli ensku útgáfunnar. Ástæður þess að þýðandi velur að vísa ekki til þjóðarmorðsins í titlinum koma hvergi fram.

Bókmenntavefurinn Arablit, sem sérhæfir sig í umfjöllun um bókmenntaverk á arabísku, tók útgefendur bókarinnar tali og spurði út í ástæður þess að forlögin ákváðu að taka þátt í þessari sameiginlegu útgáfu. María Rán Guðjónsdóttir, eigandi Angústúru, svarar þeirri spurningu á eftirfarandi hátt:

*As international press has been refused entry into Gaza in order to keep the truth away from the world, it is vital for those of us who can speak out and act to do what we can to amplify the voices of civilians in Palestine who have suffered unimaginable horrors. I believe it is our moral duty to not be complicit in the ongoing genocide with our silence and so we must show support for Palestine, oppose the violence of occupation and apartheid that the powerful seem set on ignoring.*⁵³

Útgáfa bókarinnar var alþjóðleg og með samanteknum ráðum fjölda útgefenda kom hún samtímis út í 11 löndum í byrjun árs 2024⁵⁴. Síðar sama ár bættust svo við fleiri lönd (sjá töflu). Angústúra gaf hana út í íslenskri þýðingu. Þegar þetta er skrifað hefur bókin verið þýdd á 13 tungumál og gefin út í 14 löndum.

Höfundur ákvað að allur ágóði af sölu bókarinnar færi til góðgerðarmála. Um er að ræða samtök sem veita heilbrigðis- og neyðaraðstoð í Palestínu. Meðal þeirra samtaka sem hafa fengið styrki eru samtökin *Medical Aid for Palestinians*, *Middle East Children's Alliance* og *Sheffield Palestine Solidarity Campaign*.⁵⁵ Þannig leggur hann enn frekar sitt af mörkum í baráttu fyrir framtíð þjóðar sinnar og í því að vinda ofan af framvindu þjóðarmorðsins. Útgefendur eru dæmi um fólk úr röðum almennings utan Palestínu sem hefur lagt sitt á vogarskálarnar í aðgerðum gegn þjóðarmorði.

Eftirfarandi tafla veitir yfirlit yfir lönd og forlög sem tóku þátt í útgáfu bókarinnar árið 2024.

⁵³ Arablit. "Six Publishers on Why They're Bringing Out 'Don't Look Left'"

⁵⁴ Arablit.

⁵⁵ Beacon Press, "Don't Look Left"

Land/Landsvæði	Útgefandi	Útgáfuár/Mánuður
Bretland	Comma Press	Janúar 2024
Bandaríkin	Beacon Press	Janúar 2024
Spánn / Katalónía	Blackie Books	Janúar 2024
Ísland	Angústúra	Janúar 2024
Indónesía	Noura Books / Mizan Group	Janúar 2024
Japan	Chiheisha Publishing	Janúar 2024
Ítalía	Società InFormazione	Janúar 2024
Portúgal	Elefante Editores	Janúar 2024
Suður-Kórea	SecondThesis	Janúar 2024
Tyrkland	Pınar Publications	Janúar 2024
Suður-Afríka	Jacana Media	Janúar 2024
Baskaland	Berria	Júní 2024
Brasilía	Autonomia Literária	Júní 2024
Þýskaland / Sviss / Austurríki	Maro Verlag	Júní 2024

4. Lokaorð

Dagbók frá Gaza er ekki aðeins vitnisburður höfundar um atburði liðandi stundar. Verkið er í senn saga eins manns og saga heillar þjóðar. Hún er mikilvæg samtímaheimild um atburði sem heimurinn allur hefur fylgst á einn eða annan hátt, úr mismikilli fjarlægð. Hún er leið höfundar til að segja heiminum frá því sem gengur á, og sér ekki fyrir endan á þegar þessi orð eru skrifuð í apríl 2025.

Ísrael á mikið undir því að heimurinn líti ekki á íbúa Palestínu sem manneskjur heldur fólk sem má níðast á, sem á verra skilið en kúgarinn. Slík viðhorf eru mögulega sterkasta vopnið sem ísraelsk yfirvöld hafa aðgang að, því í heimi sem lítur á íbúa Palestínu sem annars flokks manneskjur skapast svigrúm til að viðhalda því ástandi sem *Dagbók frá Gaza* fjallar um. Á meðan umheiminum er ekki nægilega misboðið til að bregðast við fær þetta að viðagangast.

Í því ljósi eru bókmenntir eins og *Dagbók frá Gaza* mikilvægur þáttur í því að sýna umheiminum hvernig palestínsk manneskja upplifir það sem alþjóðasamfélagið keppist við að kalla ekki þjóðarmorð. Fregnir af ástandinu eru orðnar fjarlægjar flestum þeim sem geta leyft sér að líta undan. Á meðan keppist Ísraelsríki við að murka lífið úr fólkinu á Gaza með aðferðum sem eru bæði þekktar og þaulrannsakaðar.

Frá Gaza eru engar flóttaleiðir nema dauðinn. Almenníngur þar berst alla daga við að halda lífi í aðstæðum sem slíkt er nær ómögulegt. Á einhvern ótrúlegan hátt finnur lífið sér samt leið, innan um allan dauðann. Því fólkið á Gaza er af holdi og blóði, gert úr tilfinningum og holdi, rétt eins og við hin. Á sér drauma, framtíð og fjölskyldur sem setjast saman að kvöldi og borða, ef mat er að finna. *Dagbók frá Gaza* ber þessu öllu vitni, þrátt fyrir allt sem ísraelsríki hefur lagt upp úr því að sannfæra heiminn um hið gagnstæða.

Það var vandasamt að staðsetja *Dagbók frá Gaza* innan ákveðinnar bókmenntategundar. Hún er sannsaga, innlit í líf og veruleika höfundar. Vitnisburður af vettvangi, lýsing atburða í samhengi við söguna, andspyrna, ævisaga og ögrandi óður til lífs þess sem neitar að deyja svo óréttlætið megi lifa.

Heimildaskrá

- Abu Saif, Atef. *Dagbók frá Gaza*. Reykjavík: Angústúra, 2023.
- Al Jazeera. „Israeli Defence Minister Orders ‘Complete Siege’ on Gaza“. Sótt 27. apríl 2025. <https://www.aljazeera.com/program/newsfeed/2023/10/9/israeli-defence-orders-complete-siege-on-gaza>.
- Arablit. „Six Publishers on Why They’re Bringing Out ‘Don’t Look Left’“. Sótt 19. apríl 2024. <https://arablit.org/six-publishers-on-why-theyre-publishing-dont-look-left/>.
- Beacon Press. “Don’t Look Left: A Diary of Genocide”. <https://www.beacon.org/Dont-Look-Left-P2118.aspx>
- Cleveland, William L. og Martin Bunton. *A History of the Modern Middle East*. 6. útg. Sixth edition. | Boulder, CO: Westview Press, 2017.: Routledge, 2018. <https://doi.org/10.4324/9780429495502>.
- Comma Press. „Don’t Look Left Now Available in 13 Different Languages“. Sótt 26. apríl 2025. <https://commapress.co.uk/news/dont-look-left-now-available-in-13-different-languages>.
- Eghbariah, Rabea. „Toward Nakba as a Legal Concept“. *Columbia Law Review* 124, tbl. 5 (2024): 887–992. <https://www.columbialawreview.org/content/toward-nakba-as-a-legal-concept/>.
- . Why are America’s elite universities so afraid of this scholar’s paper? The Guardian, 9. júní 2024. <https://www.theguardian.com/world/article/2024/jun/09/columbia-law-review-rabea-eghbariah-palestine-censorship-controversy>.
- genocidewatch. „Genocide Watch- Ten Stages of Genocide“. Sótt 27. apríl 2025. <https://www.genocidewatch.com/tenstages>.
- Gramsci, Antonio. *Selections from the Prison Notebooks of Antonio Gramsci*. Repr. London: Lawrence & Wishart, 2012.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Þættir af minni og gleymsku. Fræði, skáldskapur og minningabrot“. *Ritið* 24, tbl. 3 (2024). <https://doi.org/10.33112/ritid.24.3.8>.
- Haslam, Nick og Michelle Stratemeyer. „Recent Research on Dehumanization“. *Current Opinion in Psychology* 11 (október 2016): 25–29. <https://doi.org/10.1016/j.copsyc.2016.03.009>.
- Huldar Breiðfjörð, Rúnar Helgi Vignisson og Guðrún Steinþórsdóttir. „Satt að segja. Inngangur að þema“. *Ritið* 24, tbl. 3 (2024). <https://doi.org/10.33112/ritid.24.3.1>.
- Íslensk nútímamálsorðabók. „Helför No Kv“. Sótt 25. apríl 2025. <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/18903>.
- Jewish Currents. „A Textbook Case of Genocide“. Sótt 27. apríl 2025. <https://jewishcurrents.org/a-textbook-case-of-genocide>.
- Said, Edward W. *Culture and Imperialism*. Ist Vintage Books ed. A Borzoi Book. New York: Knopf, 1994.
- . *Orientalism*. New York: Vintages books, 1979.
- . *The Question of Palestine*. Westminster: Knopf Doubleday Publishing Group, 2015.
- Smith, David Livingstone. „Paradoxes of Dehumanization“. *Social Theory and Practice* 42, tbl. 2 (2016): 416–43. <https://doi.org/10.5840/soctheorpract201642222>.
- Spivak, Gayatri Chakravorty, "Can the Subaltern Speak?" in *Marxism and the Interpretation of Culture*, ed. Cary Nelson and Lawrence Grossberg (Urbana: University of Illinois Press, 1988), 271–313.)

- Storr, Will. *The science of storytelling: why stories make us human and how to tell them better*. New York: Abrams Press, 2021.
- UNESCO. „1954 Convention“. Sótt 28. apríl 2025. <https://www.unesco.org/en/heritage-armed-conflicts/1954-convention>.
- UNESCO. “UNESCO Director-General condemns killing of journalist Bilal Jadallah in Palestine”. <https://www.unesco.org/en/articles/unesco-director-general-condemns-killing-journalist-bilal-jadallah-palestine>
- United Nations. „Doc.1_Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide.pdf“. Sótt 26. apríl 2025. https://www.un.org/en/genocideprevention/documents/atrocities-crimes/Doc.1_Convention%20on%20the%20Prevention%20and%20Punishment%20of%20the%20Crime%20of%20Genocide.pdf.
- Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu. „Að hindra þjóðarmorð“, <https://unric.org/is/ad-hindra-thjodarmord/>
- Winder, Alex. „Nakba Diaries: Unsettling the Scale and Temporality of Historical Writing“. *AlMuntaqa* 2, tbl. 2 (2019): 24. <https://doi.org/10.31430/almuntaqa.2.2.0024>.